

Plús-, Premium- og Metal-skilmálar

Þann 1. júlí 2022 munum við að sameina Revolut Payments UAB við Revolut Bank UAB. Þessi útgáfa af skilmálum okkar mun gilda frá 1. júlí 2022. Frá 1. júlí 2022 mun Revolut Insurance Europe UAB veita dreifingarþjónustu trygginga. Ef þú vilt sjá skilmálana sem gilda til 1. júlí 2022, skaltu smella [hér](#).

Plús-, Premium- og Metal-skilmálar

1. Hvers vegna þessar upplýsingar eru mikilvægar

Þessar upplýsingar setja fram viðbótarþjónustuna sem við veitum Plús-, Premium- og Metal-notendum okkar. Þar er einnig að finna önnur mikilvæg atriði sem þú þarft að þekkja til.

Þessir skilmálar eru hluti af lagasamningi (samningnum) milli þín og okkar sem vísað er til í kaflanum [Persónulegir skilmálar](#) (persónulegu skilmálarnir). Ef ósamræmi er á milli skilmála einstaklinga og þessara skilmála munu þessir skilmálar hér gilda.

Þú getur beðið um afrit af þessum skilmálum og skilyrðum í gegnum Revolut-appið eða frá einum af þjónustufulltrúum okkar hvenær sem er.

Vinsamlegast lestu þessa skilmála vel.

Áskrift þín að Plús-, Premium- eða Metal-þjónustunni endurnýjast sjálfkrafa á hverju ári nema þú tilkynnir okkur um að hætta sjálfvirkri endurnýjun. Óháð því hvernig þú borgar áskriftina, gætum við rukkað gjald ef þú hættir áskriftinni innan 10 mánaða frá því hún hófst. Gjöld okkar eru sett fram í kaflanum [Gjaldsíða](#).

Við gætum takmarkað rétt þinn til að uppfæra eða lækka áskrift þína oftast en einu sinni á 12 mánaða tímabili.

2. Um okkur

Við erum Revolut Bank UAB (Revolut Bank), löggiltur banki sem er undir stjórn Bank of Lithuania. Fyrirtækisnúmer okkar er 304580906.

Hvað starfsemi tryggingadreifingar varðar er Revolut Insurance Europe UAB (Revolut Insurance Europe), fyrirtækisnúmer 305910164, skráð af Bank of Lithuania á lista yfir tryggingamiðlunarfyrirtæki. Þennan lista er að finna á [heimasíðu Bank of Lithuania](#).

Revolut Bank og Revolut Insurance Europe eru báðir með skráða skrifstofu við Konstitucijos ave. 21B, 08130, Vilnius, Litháen.

Nema annað sé tekið fram í þessum skilmálum, gilda réttindi og skyldur sem settar eru fram í þessum skilmálum um þig og Revolut Bank.

Metal-/Premium-/Plús-þjónustan

3. Hver er Plús-þjónustan?

Plús-notendur hafa aðgang að allri þeirri þjónustu sem stakir reikningshafar hafa samkvæmt Standard-áskriftinni, auk eftirfarandi fríðinda:

- tvö endurgjaldslaus Revolut Plús-kort (og ein endurgjaldslaus kortaskipti árlega);
- allt að þrjú virk Revolut-kort í einu;
- allt að 2 Revolut Junior-reikningar með öllum tilheyrandi eiginleikum;
- aðgangur að kaupvernd, endurgreiðsluvernd og niðurfellingartryggingu miða fyrir kaup sem gerð eru með Revolut-reikningnum þínum; og
- forgangsþjónusta við viðskiptavini í gegnum Revolut-appið.

4. Hvað er Premium-þjónustan?

Premium-notendur hafa aðgang að allri þjónustu sem notendum stendur til boða í Plús- og Standard-áskrift, auk eftirfarandi fríðinda:

- tvö ókeypis Revolut Premium-kort strax í upphafi (og ein endurgjaldslaus kortaskipti árlega);
- aðgangur að allt að 2 Revolut Junior-reikningum með öllum tilheyrandi eiginleikum;
- ótakmörkuð gjaldeyrissskipti án endurgjalds;
- tvöföld úttektarupphæð í hraðbanka miðað við Standard-notendur án endurgjalds;
- alþjóðleg ferðatrygging;
- möguleikinn á því að kaupa aðgang að betri stofu flugvalla; og
- aðgang að rafmynt og góðmálum á betra gengi en Standard- og Plús-notendur.

5. Hvað er Metal-þjónustan?

Metal-notendur hafa aðgang að allri þeirri þjónustu sem er í boði fyrir Standard-, Plús- og Premium-notendur hér að ofan, svo og eftirfarandi fríðindi:

- eitt ókeypis snertilaust Revolut Metal-kort úr ryðfríu stáli;
- endurgreiðsla í fjölda gjaldmiðla, góðmálma eða dulkóðaðri rafmynt (þetta getur breyst af og til);
- fjórfalt meiri úttektarheimild án endurgjalds miðað við Standard-notendur;
- hærri vextir í Savings Vault (þegar þeir eru aðgengilegir okkur);

- aðgangur að allt að fimm Revolut Junior-reikningum með öllum tilheyrandi eiginleikum; og
- öll önnur fríðindi sem við bætum við öðru hvoru.

6. Metal-endurgreiðslupjónustan

Þegar Metal-notendur greiða fyrir ákveðna hluti með Metal kortinu sínu, kann að vera að við (en þurfum þó ekki) skuldfærum reikninginn þinn með upphæð sem samsvarar hlutfalli af greiðslunni. Við köllum þetta endurgreiðslu. Það gæti verið að við breytum hlutfalli endurgreiðslunnar af einhverri ástæðu, þ.m.t. á grundvelli þess í hvaða landi þú ert þegar þú greiðir eða söluaðilinn sem þú greiðir til. Allar Metal-endurgreiðslur viðskiptavina í EES og Sviss eru reiknaðar með 0,1% hlutfalli í Evrópu og 1% utan Evrópu.

Það eru takmörk fyrir því hversu mikla Metal-endurgreiðslu þú getur fengið á einu mánaðarlegu reikningstímabili. Þetta kemur fram á gjaldasíðu okkar.

Við endurheimtum endurgreiðslu frá þér ef:

- greiðslan sem aflaði Metal-endurgreiðslu er endurgreidd til þín;
- þú aflaðir þér Metal-endurgreiðslu með sviksamlegum hætti; eða
- þú braust gegn þessum samningi til að fá Metal-endurgreiðsluna.

Við munum endurheimta Metal-endurgreiðsluna með því að taka hana af reikningnum þínum. Við munum líta svo á að endurheimtin sé framkvæmd með samþykki þínu og greiðslan samþykkt af þér.

Ef við getum ekki endurheimt upphæð Metal-endurgreiðslu af reikningnum þínum, þá skuldar þú okkur samt sem áður viðeigandi upphæð. Við getum þá endurheimt upphæðina af geymdu korti eða nýtt okkur réttinn til skuldajöfnunar. Við gætum einnig gripið til lagalegra aðgerða til að endurheimta þá upphæð sem þú skuldar okkur. Ef við gerum það, gætirðu þurft að greiða kostnað sem hlýst af því.

Þú getur lesið meira um hvernig við getum endurheimt upphæðir sem þú skuldar okkur í [Skilmálum einstaklinga](#).

Greiðslur sem afla ekki endurgreiðslu

Við getum ekki veitt þér endurgreiðslu þegar slíkt myndi brjóta gegn lögum eða reglugerðum, eða ef greiðslan sem þú greiðir með Revolut-kortinu þínu er bara á annan reikning eða greiðslukort (eins og annað bankareikning eða kreditkort).

7. Plus Revolut-kort

Ef þú gerist Plús-notandi muntu geta pantað Plus Revolut-kort (Plús-kort). Við getum einnig gefið út aukakort ef þú biður um það. Þú getur áfram notað önnur Revolut-kort sem þú átt.

Það kann að vera að við rukkum gjöld fyrir öll Plús-kort sem við gefum út.

8. Fyrsta Premium Revolut-kortið

Ef þú gerist Premium-notandi muntu geta pantað Premium Revolut-kort (Premium-kort) með einstakri hönnun. Við getum einnig gefið út aukakort ef þú biður um það. Þú getur áfram notað önnur Revolut-kort sem þú átt.

Það kann að vera að við rukkum gjöld fyrir öll Premium-kort sem við gefum út.

9. Metal Revolut-kort

Ef þú uppfærir í Metal munum við afhenda þér Metal Revolut-kort (Metal-kort) sem er aðeins í boði fyrir Metal-notendur. Þú getur eingöngu verið með eitt Metal-kort á hverjum tíma. Þú getur áfram notað önnur Revolut-kort sem þú átt.

Tryggingar

10. Ferðatryggingar sem hluti af Premium- og Metal-áskrift þinni

Réttindin og skyldurnar sem settar eru fram í þessum hluta eiga við um þig sem rétthafa samstæðutryggingarinnar hjá Revolut Bank, Revolut Bank sem hóptryggingartaka og Revolut Insurance Europe sem tryggingamiðlara sem dreifir samstæðutryggingunni. Þessi hluti lýsir:

- Hvernig Revolut Insurance Europe skipuleggur sameiginlega ferðatryggingu fyrir Revolut Bank til að geta boðið ferðatryggingar sem hluta af áskrift þinni; og
- Hvernig skaðatryggingafélagið AWP P&C SA - Dutch Branch, tryggingafélag, heimilisfang: Poeldijkstraat 4, 1059 VM, Amsterdam, netfang claims.awpeurope@allianz.com (Allianz Assitance) er ábyrgt gagnvart meðhöndlun allra krafna sem þú gerir í tengslum við ferðatryggingarnar þínar og fyrir að greiða til þín í kjölfar samþykktrar kröfu.

Við vitum að þegar þú hlakkar til að ferðast er skipulagning á tryggingum það síðasta sem þú vilt gera. Þess vegna skipuleggjum við hjá Revolut ferðatryggingar fyrir þig. Revolut Bank hefur fengið Revolut Insurance Europe - tryggingamiðlunarfyirtæki sem starfar sem milliliður fyrir tryggingar - til að útvega sameiginlegu ferðatrygginguna fyrir hönd Revolut Bank. Revolut Insurance Europe hefur útvegað ferðatryggingu frá

tryggingaveitu þriðja aðilans Allianz Assistance. Revolut Bank greiðir þjónustugjald vegna þessa til Revolut Insurance Europe.

Revolut Insurance Europe og Revolut Bank stjórna hvorki né eiga Allianz Assistance á nokkurn hátt, og Allianz Assistance hvorki stjórnar okkur né á okkur.

Við munum ekki veita þér ráðgjöf eða meðmæli er varðar hentugleika ferðatrygginga fyrir þig. Vinsamlegast gakktu úr skugga um að tryggingarnar henti þér með því að lesa upplýsingaskjalið um tryggingarvörur (IPID) og ferðatryggingaskilmála tryggingarhafa (Skilyrði tryggingarhafa), með það í huga hvað er tryggt og hvað ekki.

Þú getur ekki sagt upp tryggingunni þinni án þess að segja jafnframt upp áskrift þinni að Premium- eða Metal-áskriftinni.

Til að geta fengið ferðatryggingar verður þú að vera 18 ára eða eldri. Nánari upplýsingar um tryggingarnar þínar eru veittar í skilmálum tryggingarhafa og IPID. Vinsamlegast lestu þær vandlega. Þessi skjöl er að finna í Revolut-appinu. Skilyrði tryggingarhafa innihalda einnig aðrar upplýsingar sem skipta þig máli, svo sem réttindi tryggjanda í tilfellum þar sem þú ferð ekki að skilmálum fyrir tryggingarhafa, upplýsingar um kröfur, upplýsingar um úrvinnslu tryggjanda á persónuupplýsingum þínum, gildandi lög og annað sambærilegt.

Við eða Allianz Assistance getum breytt eða felld niður ráðstöfunina, gildissvið og skilmála tryggingarbóta hvenær sem er. Hvenær sem það er mögulegt munum við tilkynna þér fyrirfram um allar skaðlegar breytingar á eða niðurfellingu tryggingabóta.

Ef þú uppfyllir ekki skilyrðin fyrir því að fá trygginguna breytir það ekki áskriftargreiðslunni fyrir Premium- eða Metal-áskriftina.

11. Kvartanir og tryggingakröfur

Ef þú ert óánægður með hvernig ferðatryggingum var háttað skaltu hafa samband í gegnum Revolut-appið. Venjulega er hægt að leysa vandamál fljótt með þessum hætti. Upplýsingar um meðferð kvartana er að finna [Tryggingaskilmálar](#).

Kvartanir vegna ferðatryggingar

Ef þú vilt leggja fram kvörtun í tengslum við ferðatrygginguna skaltu hafa beint samband við Allianz Assistance. Þú finnur upplýsingar um hvernig þetta er gert í tryggingahlutanum í Revolut-appinu. Allianz Assistance mun meðhöndla kvörtun þína og hafa samskipti við þig á ensku, nema þeir tjái þér annað. Ef þú sendir okkur kvörtun munum við senda hana til Allianz Assistance án þess að meðhöndla hana.

Hvernig á að gera kröfu með tilliti til ferðatrygginganna þinna

Ef þú vilt gera kröfu skaltu vinsamlegast hafa beint samband við Allianz Assistance. Þú finnur upplýsingar um hvernig þetta er gert í tryggingahlutanum í Revolut-appinu. Allianz Assistance mun meðhöndla kröfu þína og hafa samskipti við þig á ensku, nema þeir tjái þér annað.

12. Kaupvernd, endurgreiðsluvernd, niðurfellingartrygging miða sem hluti af Plus-, Premium- eða Metal-áskrift þinni

Réttindi og skyldur sem settar eru fram í þessum kafla eiga við um þig og Revolut Insurance Europe. Þessi hluti lýsir:

- hvernig Revolut Insurance Europe útvegar kaupvernd, endurgreiðsluvernd og niðurfellingartryggingu miða sem hluta af áskrift þinni hjá Revolut Bank og dreifir henni til þín; og
- hvernig tryggingamilliliður sem skipaður er af tryggingasamstarfsaðilum okkar, QOVER SA, skráð hjá Crossroads Bank for Enterprises undir númerinu 0650.939.878 (RLE Brussel) og skráð hjá FSMA sem óbundinn umboðsaðili trygginga undir númerinu 0650.939.878, (Qover) ber ábyrgð gagnvart þér við meðhöndlun krafna sem þú gerir samkvæmt kaup- og endurgreiðsluvernd og niðurfellingartryggingu miða og til að greiða allar greiðslur til þín eftir árangursríka kröfu.

Við vitum að þegar þú hlakkar til að kaupa nýjan síma, fartölvu eða miða á upphaldstónleikana þína er skipulagning trygginga það síðasta sem þú vilt gera. Þetta er ástæðan fyrir því að kaupvernd, endurgreiðsluvernd og niðurfellingartrygging miða hefur verið innifalin í áskriftinni þinni sem veitir þér tiltekin þrep vernd eftir því hvað er keypt á Revolut Plus-, Premium- eða Metal-reikningnum þínum. Revolut Insurance Europe mun ekki veita þér ráðgjöf eða meðmæli varðandi hentugleika þessarar tryggingar fyrir þig. Vinsamlegast gakktu úr skugga um að tryggingin henti þér með því að lesa upplýsingaskjalið um tryggingarvörur (IPID), tryggingaryfirlitið og tryggingarskilmála kaupverndar, endurgreiðsluverndar og niðurfellingartryggingar miða (Tryggingarskilmálar), með það í huga hvað er tryggt og hvað ekki.

Revolut Insurance Europe hefur átt samstarf með eftirfarandi tryggingarveitendum til að geta boðið upp á kaupvernd, endurgreiðsluvernd og niðurfellingartryggingu miða sem hluta af Plus-, Premium- og Metal-áskriftunum:

- Til viðskiptavina í öllum lögsagnarumdæmum EES, nema Liechtenstein: Chubb European Group SE er skaðatryggingafélag sem lýtur ákvæðum franskra tryggingareglna og starfar samkvæmt heimild og undir eftirliti Autorité de Contrôle Prudentiel et de Résolution (ACPR) með skráningarnúmer 450 327 374 RCS Nanterre og eftirfarandi skráða skrifstofu: La Tour Carpe Diem, 31 Place des Corolles, Esplanade Nord, 92400 Courbevoie, Frakklandi, netfang: contact@qover.com (Chubb);
- Aðeins fyrir viðskiptavinum í Liechtenstein: Chubb Insurance (Switzerland) Limited er skaðatryggingafélag skráð í Sviss undir skráningarnúmerinu

CHE-114.502.001, undir eftirliti svissneska fjármálaeftirlitsins FINMA, með skráða skrifstofu í Bäregasse 32, 8001 Zurich, Sviss, netfang: contact@qover.com (Chubb); og

- Til viðskiptavina í öllum lögsagnarumdæmum EES, nema Liechtenstein: Wakam, franskt société anonyme (opinbert hlutafélag) 120-122, rue Réaumur, 75002 Paris (Frakkland), er skaðatryggingafélag samþykkt af ACPR 4 Place de Budapest, CS 92459, 75436 PARIS CEDEX 09, undir númerinu 4020259, netfang: contact@qover.com (Wakam).

Revolut Insurance Europe stjórnar hvorki né á Chubb / Wakam á nokkurn hátt, og Chubb / Wakam stjórna hvorki né eiga Revolut Insurance Europe.

Revolut Insurance Europe hefur umsjón með tryggingadreifingu fyrir hönd tryggjendanna Chubb / Wakam.

Þú þarft ekki að greiða Revolut Insurance Europe neitt fyrir það að útvega trygginguna frá Chubb og Wakam - Revolut Insurance Europe kann að fá hlutdeild í hagnaði sem þóknun frá Chubb og Wakam og fær þjónustugjald frá Revolut Bank fyrir tryggingamiðlunarþjónustu.

Þú getur ekki sagt upp tryggingunni þinni án þess að segja jafnframt upp áskrift þinni að Premium- eða Metal-þjónustunni.

Til að geta fengið kaupvernd, endurgreiðsluvernd og niðurfellingartryggingu miða verður þú að vera 18 ára eða eldri og þú verður að hafa gert viðkomandi kaup að fullu með Revolut Plús-, Premium- eða Metal-reikningnum þínum. Einnig eru viðbótarskilyrði sem þú verður að uppfylla til að geta fengið tryggingu en þær ráðast af því hvort þú ert að leita að kaup- og endurgreiðsluvernd eða niðurfellingartryggingu miða. Heildarlista yfir viðmiðanir má finna í tryggingaskilmálunum. Vinsamlegast lestu tryggingaskilmálana sem og IPID vandlega. Þessi skjöl er að finna í Revolut-appinu. Tryggingaskilmálarnir innihalda einnig aðrar upplýsingar sem skipta máli fyrir þig, svo sem réttindi tryggjanda í tilfellum þar sem þú ferð ekki að skilmálum sem settir eru fram í skilmálunum, upplýsingar um kvartanir, upplýsingar um hvernig vátryggjandi vinnur með persónuupplýsingar þínar, gildandi lög og þess háttar.

Ef þú uppfyllir ekki skilyrðin fyrir trygginguna breytir það ekki áskriftinni fyrir Plús-, Premium- eða Metal-áskrift.

13. Kvartanir og tryggingakröfur

Ef þú ert óánægður með hvernig tryggingum þínum er háttað skaltu hafa samband við Revolut Insurance Europe í gegnum Revolut-appið. Venjulega er hægt að leysa vandamál fljótt með þessum hætti. Upplýsingar um meðferð kvartana er að finna í [Tryggingaskilmálar](#).

Kvartanir vegna kaup- og endurgreiðsluverndar og niðurfellingartryggingar miða

Ef þú vilt leggja fram kvörtun í tengslum við kaupvernd, endurgreiðsluvernd og niðurfellingartryggingu miða skaltu hafa beint samband við Qover. Þú finnur upplýsingar um hvernig þetta er gert í tryggingahlutanum í Revolut-appinu. Ef þú sendir kvörtun eða kröfu til Revolut Insurance Europe munum við senda hana til Qover án þess að meðhöndla hana.

Hvernig á að gera kröfu samkvæmt kaup- og endurgreiðsluvernd og niðurfellingartryggingu miða

Ef þú vilt gera kröfu skaltu vinsamlegast hafa beint samband við Qover. Þú finnur upplýsingar um hvernig þetta er gert í tryggingahlutanum í Revolut-appinu.

Gjöld og niðurfelling

14. Greiðsla fyrir Plús-, Premium- eða Metal-áskriftina

Þú getur greitt áskriftargjaldið með mánaðarlegum afborgunum eða greitt áskriftina að fullu einu sinni á ári. Þessi gjöld er að finna í [Gjaldsíðunni](#) okkar.

Þegar þú gerist Plús-, Premium- eða Metal-notandi munum við biðja þig um að greiða áskriftina með debetkorti eða kreditkorti sem þú hefur skráð hjá okkur (geymda kortið þitt). Við munum taka áskriftargreiðsluna af því korti á meðan þú ert Plús-, Premium- eða Metal-notandi.

Ef við getum ekki af einhverjum ástæðum tekið greiðslu af geymda kortinu þínu (t.d. vegna þess að það er útrunnið), munum við biðja þig um að skrá annað kort sem verður nýtt geymda kortið þitt. Ef þú gerir þetta ekki innan sjö daga tókum við áskriftargreiðsluna af reikningnum þínum. Við gætum einnig gripið til lagalegra aðgerða til að innheimta greiðsluna. Ef við gerum það, gætirðu þurft að greiða kostnað sem hlýst af því.

Þú gætir verið ábyrgur fyrir því að greiða skatta eða kostnað sem á við um greiðslur sem þú greiðir eða færð í gegnum reikninginn þinn og að við berum ekki ábyrgð á að innheimta frá þér.

Því miður er það svo að ef þú borgar ekki áskriftargjaldið innan 30 daga frá gjalddaga, verðum við að segja upp áskriftinni.

15. Gjöld fyrir niðurfærslu Plús-, Premium- eða Metal-áskriftarinnar þinnar

Þú getur hætt í Plús-, Premium- eða Metal-áskriftinni hvenær sem er (við köllum þetta niðurfærslu). Aftur á móti gætirðu þurft að greiða gjald. Þú munt samt geta notið góðs af þjónustunni sem þú færð í gegnum áskriftina þar til í lok mánaðarins sem þú hefur greitt áskrift fyrir. Eftir það verður þú aftur Standard-notandi (persónulegur reikningshafi sem borgar ekki áskrift fyrir Plús-, Premium- eða Metal-þjónustuna).

Það kann að vera að við föllum frá gjaldinu sem þú greiðir fyrir niðurfærslu. Í tilfellum þar sem við gerum þetta gætirðu þurft að lofa að gera (eða gera ekki) tiltekna hluti til að vera geta fengið undanþágu. Til dæmis gæti verið að við fallið frá niðurfærslugjaldi ef þú færð þér nýja áskrift, en þú gætir þurft að lofa því að hætta ekki í þeirri áskrift innan tiltekins tíma. Það er ákvörðun okkar hvort við föllum frá gjaldinu eða ekki. Við látum þig vita ef við erum tilbúin til að fella niður niðurfellingargjaldið fyrir þig (t.d. í appi eða með tölvupósti).

Gjöld fyrir að hætta í eða færa niður áskriftina þína er að finna hér að neðan.

Ef þú niðurfærir innan 14 daga

Ef þú greiðir áskriftina þína mánaðarlega færðu fulla endurgreiðslu. Ef við sendum þér Plús- eða Premium-kort, rukkum við þig fyrir sendingarkostnað og getum gert kortið óvirkt. Ef þú pantaðir Metal-kort, rukkum við þig 40 evrur fyrir kortið (eða samsvarandi upphæð í gjaldmiðli Revolut-reiknings þíns), auk sendingarkostnaðar.

Ef þú greiðir áskriftargjald að fullu einu sinni á ári færðu fulla endurgreiðslu á áskriftinni þinni. Ef við sendum þér Plús- eða Premium-kort, rukkum við þig fyrir sendingarkostnað og getum gert kortið óvirkt. Ef þú pantaðir Metal-kort, rukkum við þig 40 evrur fyrir kortið (eða samsvarandi upphæð í gjaldmiðli Revolut-reiknings þíns), auk sendingarkostnaðar.

Við köllum þetta uppsagnarrétt þinn. Þetta þýðir að þú getur sagt upp Plús-, Premium- eða Metal-áskriftinni innan fyrstu 14 daga frá því að áskrift hófst. Þú hefur uppsagnarrétt án þess að þurfa að greiða hvers kyns sekt (nema fyrir Metal-kortið og sendingarkostnað) og án þess að þurfa að tilgreina ástæðu.

Ef þú niðurfærir eftir 14 daga en innan 10 mánaða

Ef þú borgar áskriftina þína með mánaðarlegum afborgunum munum við ekki endurgreiða þig og þú verður að borga áskriftina fyrir mánuðinn sem þú segir okkur að þú viljir binda endi á eða niðurfæra áskriftina þína. Við munum einnig rukka hlégjald sem nemur tveggja mánaða áskrift.

Ef þú greiðir áskrift að fullu einu sinni á ári munum við ekki endurgreiða neitt af árgjaldinu, en við munum ekki rukka hlégjald.

Ef þú niðurfærir eftir meira en 10 mánuði

Ef þú greiðir áskriftargjaldið þitt með mánaðarlegum afborgunum þarftu að greiða fyrir mánuðinn sem þú segir að þú viljir binda endi á eða niðurfæra áskriftina þína, en við munum ekki rukka hlégjald.

Ef þú greiðir fullt áskriftargjald einu sinni á ári munum við ekki endurgreiða neinn hluta áskriftargjaldsins vegna ársins sem þú greiddir fyrir, en við munum ekki rukka hlégjald.

Það er auðvelt að binda endi á eða niðurfæra áskriftina þína

Ef þú vilt segja upp áskriftinni geturðu látið okkur vita í gegnum Revolut-appið eða með því að skrifa okkur bréf og senda á Konstitucijos ave. 21B, 08130, Vilnius, Litháen.

16. Hvenær getið þið bundið endi á Plús-, Premium- eða Metal-áskriftina mína?

Við getum lokað aðgangi að reikningnum þínum og bundið endi á Plús-, Premium- eða Metal-áskriftina þína tafarlaust ef:

- okkur grunar að þú hegðir þér með sviksamlegum hætti eða á annan glæpsamlegan hátt;
- þú hefur ekki látið okkur í té þær upplýsingar sem við þurfum, eða við höfum góða ástæðu til að ætla að upplýsingarnar sem þú hefur gefið okkur séu falskar;
- þú hefur brotið gegn þessum skilmálum með alvarlegum eða viðvarandi hætti;
- ef við höfum beðið þig um að endurgreiða peninga sem þú skuldar okkur og þú hefur ekki gert það innan hæfilegs tíma;
- þú hefur lýst þig gjaldþrota; eða
- ef við verðum að loka aðgangi þínum samkvæmt lögum, reglugerðum, dómsúrskurði eða fyrirmælum umboðsmanns.

Einnig kann að vera að við segjum upp áskriftinni þinni af öðrum ástæðum, með a.m.

17. Við getum breytt þessum skilmálum

Við munum aðeins breyta þessum skilmálum af eftirfarandi ástæðum:

- ef við teljum að það muni auðvelda skilning á þeim eða gera þá gagnlegri fyrir þig;
- til að endurspegla hvernig rekstur okkar er rekinn, sérstaklega ef breytinga er þörf vegna breytinga á því hvernig fjármálakerfið virkar eða hvernig tækni er veitt;
- til að endurspegla lagalegar kröfur eða kröfur reglugerða sem gilda um okkur;
- til að endurspegla breytingar á kostnaði við rekstur fyrirtækisins; eða
- vegna þess að við, eða tryggingasamstarfsaðilar okkar, gerum breytingar á vörum okkar eða þjónustu eða kynnum nýjar slíkar.

Við segjum þér frá breytingum

Ef við bætum við nýrri vöru eða þjónustu sem breytir ekki þessum skilmálum og skilyrðum gæti verið að við bætum vörunni eða þjónustunni við strax og látum þig vita áður en þú notar hana.

Ef við gerum breytingar á vöru eða þjónustu sem þegar er til staðar og varðar ekki greiðslur inn á eða út af reikningnum þínum, gefum við þér venjulega 30 (þrjátíu) daga fyrirvara áður en við gerum breytinguna. Ef við gerum breytingar sem varða greiðslur inn á eða af reikningnum þínum (til dæmis varðandi úttektir í reiðufé), munum við venjulega gefa þér að minnsta kosti 60 (sextíu) daga fyrirvara í gegnum Revolut-appið áður en við gerum breytingar.

Ef við tilkynnum þér um breytingu gerum við ráð fyrir að þú sért sátt(ur) við breytinguna nema þú segir okkur frá því að þú viljir loka reikningnum þínum áður en breytingin tekur gildi.

18. Lagaleg atriði

Samningur okkar við þig

Aðeins þú, Revolut Bank og Revolut Insurance Europe ef það er sérstaklega tilgreint í þessum skilmálum, á einhvers konar réttindi samkvæmt samningnum.

Þessi samningur er við þig persónulega og þú getur ekki framselt nein réttindi eða skyldur samkvæmt honum til neins annars.

Réttur okkar til flutnings

Þú samþykkir og heimilar okkur að sameina, endurskipuleggja, leiða af, umbreyta eða framkvæma hvers kyns endurskipulagningu eða endurskipulagningu á fyrirtækinu okkar eða viðskiptum og/eða framselja öll réttindi okkar og skyldur samkvæmt þessum skilmálum til þriðja aðila.

Við munum aðeins flytja réttindi þín eða skyldur samkvæmt samningnum ef við teljum að það hafi ekki veruleg neikvæð áhrif á rétt þinn samkvæmt þessum skilmálum eða við þurfum að gera það til að uppfylla kröfur laga eða reglugerða, eða það er gert í tengslum við endurskipulagningu (eða svipuðum aðgerðum).

Litháísk lög gilda

Lög Lýðveldisins Litháen gilda um þessa skilmála og skilyrði og samninginn. Þrátt fyrir þetta geturðu samt treyst á lögboðnar neytendaverndarreglur EES -landsins þar sem þú býrð.

Enska útgáfan af samningnum gildir

Ef skilmálar þessir eru þýddir yfir á annað tungumál er þýðingin aðeins til viðmiðunar og enska útgáfan gildir.

Réttur okkar til að framfylgja samningnum

Ef þú hefur brotið gegn samningnum á milli þín og okkar og við framfylgjum ekki réttindum okkar, eða ef tafir verða á því að framfylgja þeim, kemur það ekki í veg fyrir að við framfylgjum þeim síðar.

Að grípa til lögfræðilegra aðgerða gegn okkur

Lögsókn samkvæmt þessum skilmálum er aðeins hægt að höfða fyrir dómstólum í Lýðveldinu Litháen (eða fyrir dómstólum í hvaða aðildarríki ESB sem þú býrð).

Rafmyntir og eðalmálmur

Þessi síða sýnir skilmála fyrir þá þjónustu sem við, Revolut Bank, veitum þér. Sumir hlutar þessara skilmála gefa sérstaklega til kynna þá þjónustu sem Revolut Insurance Europe veitir þér. Rafmyntir og eðalmálmur eru í boði hjá fyrirtækinu okkar í Bretlandi, Revolut Ltd, undir [Skilmálar rafmyntar](#) og [Skilmálar eðalmálma](#).